

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra.

Hlekkur á mál: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2719](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2719)

Dýraverndarsamband Íslands telur nýtt frumvarp um villt dýr mjög til bóta og fagnar því. Við fögnum því sérstaklega að þar er tekið á ýmsum aðferðum og nálgunum þar sem dýravelferð kann annars að vera fyrir borð borin, svo sem með banni á flygildum nálægt fuglabjörgum.

Við teljum rétt að áréttað verði með skýrum hætti, að almennt sé bannað að hvekkja eða reka til villt dýr með flygildum, sama af hvaða tegund dýrin eru, en almenningur er gjarnan að leika sér með slík tæki. Bann við þessu kemur ekki nægilega skýrt fram í lögnum fyrir þann sem er að leita að upplýsingum um nákvæmlega það og vitum við um staðfest dæmi um að t.d. hreindýrshjarðir séu eltar með flygildum og tekin myndbönd af þeim á hlaupum.

Einnig er fortakslaust bann við notkun á lifandi dýrum til að þjálfa veiðihunda nýmæli í lögnum. Dýraverndarsamband Íslands styður ekki notkun á hundum til að veiða eða elta uppi dýr sem eru á lífi og telur því sérstaklega áriðandi að banna æfingar á slíku, þar sem lifandi dýr eru notuð til að þjálfa hundana. Þekkt eru dæmi um að minkaveiðimenn standi yfir hundum og hvetji þá á meðan þeir rífa í sundur lifandi minka, til að þjálfa þá. **Við teljum rétt að banna alla notkun á hundum við að elta uppi lifandi dýr og leggjum til að undanþága um að leyfa hunda til að elta uppi minka verði tekin út** (17. lið 24. grein). Að sama skapi er bann við veiðum á ófleygum fuglum og sérstaklega noktun á bareflum við veiðar, mikil bót. Þannig eru ýmis ákvæði mjög til bóta í frumvarpinu og auðsær áhugi á að koma umgengni og umsjón með villtum dýrum á Íslandi í viðunandi horf.

Við teljum áriðandi að einungis séu leyfðar gildir til veiða á villtum dýrum sem Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir og fögnum þar sérstaklega langþráðu banni við notkun á fótbogum. **Við teljum rétt að fara þar einnig fram á fortakslaust bann við límgildrum fyrir mýs eða rottur,** þ.e. líka þar sem þessi dýr eru veidd sem meindýr innanhúss. Við teljum áriðandi að reglur Umhverfisstofnunar um gildir sem leyfilegt er að nota ættu einnig að ná yfir veiðar innanhúss, á þessum dýrum.

Við fögnum því að innan tveggja ára verði komin stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir þær tegundir eða stofna sem hingað til hafa sætt tiltekinni nýtingu eða veiðum.

Við erum fegin að sjá lögin lýsa því meginmarkmiði að villt dýr njóti verndar og friðar í íslenskri náttúru, sem og búsvæði þeirra. Á þessu verði aðeins skýrar undantekningar sem hafi ástæður á borð við sjálfbærar nýttar eða vernd vegna tjóns. Sérstaklega fögnum við ákvæðum um bann við sölu eða gjafir á afurðum dýra sem eru veidd, enda er það mjög til verndar þeim að slíkt sé aðeins gert á sjálfbæran hátt.

Í drögunum eru sérstaklega leyfðar háf-veiðar á lundum, enda sé það gömlu hefð. Við teljum þetta tímaskekkju, teljum að lundar eigi að njóta almennt sömu verndar og aðrir villtir fuglar og gamlar hefðir við veiðar eiga ekki að hafa áhrif á það. Leggjum við því til að þetta sérstaka leyfi verði tekið út.

24. ágúst 2020

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands,
Hallgerður Hauksdóttir formaður DÍS

